



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK


Reykjavík, 21.02.2006

Efni: Frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins , 392. mál

Þáttaskil urðu í orkumálum hér á landi með setningu raforkulaga nr. 65/2003 og tengdum lagabreytingum, en þær hafa komið til framkvæmda í áföngum. Með löggjöfinni er leitast við að skilja í sundur náttúrulega einkasöluþætti í raforkuviðskiptum og starfsemi þar sem samkeppni verður við komið. Í þessu felst að skapaðar eru forsendur fyrir samkeppni í vinnslu og sölu raforku en um leið stuðlað að hagkvæmni og skilvirkni í flutningi og dreifingu raforku. Með þessari breyttu skipan er horfið frá fyrirkomulagi þar sem einkasöluréttur opinberra fyrirtækja hefur verið allsráðandi en stefnt að markaðskerfi og þjóðhagslega hagkvæmum raforkubúskap.

Samtök atvinnulífsins telja að frumvarp um stofnun hlutafélags um Rafmagnsveitur ríkisins feli í sér nauðsynlegt og eðlilegt skref í framangreindri stefnumörkun. SA eru sammála þeim röksemdum sem fram koma í athugasemdum við frumvarpið að hlutafélagsformið sé heppilegasta rekstrarformið fyrir starfsemi Rafmagnsveitna ríkisins. SA telja þó að til lengdar sé ekki skynsamlegt að gera ráð fyrir því að öll hlutabréf í félaginu verði í eigu ríkissjóðs, sbr. 3. gr. frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins



Guðlaugur Stefánsson